

2305

Fimmtudaginn 8. ágúst 1996.

Nr. 303/1996.

**Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

**Rúnari Jóhannssyni**

(Ómar Stefánsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. ágúst 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. ágúst 1996.**

Ár 1996, mánudaginn 5. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Rúnari Jóhannssyni, kt. 221259-5569, Krummahólum 8, Reykjavík, verði með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 19. september nk. kl. 16. Kærði er grunaður um brot gegn 244. gr. og 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Laust eftir klukkan 14.30 í gær handtók lögregla kærða í húsi við Kleppsveg hér í borg, en hann hafði verið eftirlýstur frá 25. júlí sl., grunaður um aðild að fjölda innbrotsþjófnaða. Lögreglu grunar, að kærði sé viðriðinn

innbrotspjófnaði í 13 hús í Reykjavík, á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ nú í sumar. Er talið, að verðmæti hins stolna nemi milljónum króna.

Kærði hefur staðfastlega neitað að hafa brotist inn á þessum stöðum, en viðurkennt að hafa selt þýfi úr einhverjum af innbrotspjófnum þessum. Jafnframt hefur hann greint frá því, að hann viti, hverjir hafi brotist inn í sum húsanna. Kveðst hann vera atvinnulaus vímuefnaneytandi, sem fjármagni neyslu sína með sölu þýfis.

Meðal rannsóknargagna málsins er skýrsla konu, sem kærði kveður vera fyrrum sambýliskonu sína. Í skýrslunni greinir konan frá því, að henni sé kunnugt um, að undanfarnar vikur hafi kærði og vinur hans staðið í ýmsu misjöfnu og borið inn á heimili hennar alls kyns þýfi, svo sem myndavélar, skartgrip og fleira. Jafnframt getur hún þess, að hún hafi vitað, að kærði og vinur hans hafi verið „á fullu í innbrotum“. Hún viti þó ekki, hvar þeir hafi verið að brjótast inn. Kærði hefur viðurkennt að hafa borið þýfi inn á heimili konunnar, en kveður það rangt hjá henni, að hann hafi aflað þýfisins með innbrotum.

Kærði kveðst vera atvinnulaus og eiga við vímuefnavanda að etja. Hann hefur jafnframt greint frá því, að hann fjármagni vímuefnaneyslu sína með sölu þýfis, einkum fyrir mann nokkurn, sem hann hefur nafngreint.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi og ljóst, að fleiri en kærði og félagi hans eiga hér hlut að máli. Ætla má, að kærði geti torvelað rannsókn málsins, svo sem með því að skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka, fari hann frjáls ferða sinna. Þá er verulegur hluti þýfisins ókominn í leitirnar. Skilyrði eru því fyrir, að kærði sæti gæsluvarðhaldi á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. \*

Eins og að framan greinir, hefur kærði staðfest, að hann sé atvinnulaus vímuefnasjúklingur, sem fjármagni neyslu sína með afbrotum. Í ljósi þess og að rökstuddur grunur er um, að kærði eigi aðild að slíkum fjölda mála, sem gögn málsins benda til, má ætla, að hann muni halda áfram afbrotum, meðan máli hans er ekki lokið. Með vísan til þess og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi svo lengi sem krafist er, þ. e. til fimmtudagsins 19. september nk. kl. 16.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Rúnar Jóhannsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 19. september nk. kl. 16.